

Útgefandi

Læknafélag Íslands
Læknafélag Reykjavíkur

Ritstjórn

Engilbert Sigurðsson,
ritstjóri og ábyrgðarmaður
Gerður Gröndal
Hannes Hrafnkelsson
Magnús Gottfredsson
Sigurbergur Kárason
Tómas Guðbjartsson
Þórdís Jóna Hrafnkelsdóttir

Tölfræðilegur ráðgjafi

Thor Aspelund

Ritstjórnarfulltrúi

Védís Skarphéðinsdóttir
vedis@lis.is

Blaðamaður og

ljósmyndari

Hávar Sigurjónsson
havar@lis.is

Auglýsingastjóri og ritari

Sigdís Þóra Sigþórsdóttir
sigdis@lis.is

Umbrot

Sævar Guðbjörnsson
saevar@lis.is

Upplag

1800

Áskrift

12.400,- m. vsk.
Lausasala
1240,- m. vsk.

Prentun, bókband

og pökkun

Prenttækni ehf.
Vesturvör 11
200 Kópavogi


© Læknablaðið

Læknablaðið áskilur sér rétt til að birta og geyma efni blaðsins á rafrænu formi, svo sem á netinu. Blað þetta má eigi afrita með neinum hætti, hvorki að hluta né í heild, án leyfis.

Fræðigreinar Læknablaðsins eru skráðar (höfundar, greinarheiti og útdrættir) í eftirtalda gagnagrunna: Medline (National Library of Medicine), Science Citation Index (SciSearch), Journal Citation Reports/Science Edition og Scopus.

The scientific contents of the Icelandic Medical Journal are indexed and abstracted in Medline (National Library of Medicine), Science Citation Index (SciSearch), Journal Citation Reports/Science Edition and Scopus.

ISSN: 0023-7213



100 ára saga af blaði

Þann 15. janúar næstkomandi eru rétt 100 ár síðan fyrsta Læknablaðið leit dagsins ljós, þar með er 100. árgangur Læknablaðsins í höfn og sá næsti byrjaður að rúlla. Tímamótanna hefur verið minnst á síðum blaðsins á ýmsan hátt og sagan rakin með myndum á kápu, greinum af sögulegum toga og upprifjun úr gömlum blöðum. Afmælisbarnið er vel á sig komið og hródugt, - það er farið í heilu lagi inn á timarit.is, það er blað meðal blaða á Pubmed og víðar í vísindaeildum netsins, og á nýju ári tekur það tekur í gagnið grunn til að taka rafrænt við efni, - og síðast en ekki síst heldur það sínu upprunalega hlutverki við að styðja og mennta lækna og lesendur.

LISTAMAÐUR MÁNAÐARINS

Í Læknablaðinu höldum við áfram að kynna áhugaverða

listamenn fyrir lesendum eftir hlé á afmælisárinu. **Kristín Rúnarsdóttir** (f. 1984) hélt fyrir skömmu viðamikla sýningu í Listasafni Reykjanessbæjar sem bar heitið **Leikfléttur**. Eins og sjá má á mynd af sýningunni bar hún nafn með rentu. Þar gat að líta verk sem teygðu anga sína um allt gólf og upp um vegg. Óvíst er hvað snýr fram og hvað aftur, hvort verk á að vera á hlið eða upp á rönd. Innan verkanna og á milli þeirra er ekki að greina neitt stigveldi, ekkert sérstakt virðist í aðalhlutverki, hvorki forgrunnur né bakgrunnur. Kristín byggir verk sín á frumeiginleikum málverksins, línu og lit. Nema hvað, hún teiknar bæði á vegg og gólf með limböndum og lakki auk þess sem línuteikningin verður þrívíð í formi frístandandi grinda úr timbri. Manni koma til hugar íþróttir og leikir og langar helst að taka þátt - eru þetta ekki stærðar Mikado-pinnar innan um einhvers konar klifurgrindur? Áhorfendur hreyfa sig um sýningarsalinn og upplifa verkin frá ólíkum sjónarhornum, bæði utan



Ljósmynd Vigfús Birgisson

frá úr fjarlægð en einnig innan frá þar sem þau umlykja mann. Kristín leikur sér að því að dreifa áhersluatriðum þannig að erfitt reynist að fanga verkin eða túlka þau sem eitthvað sérstakt. Þau minna á margt en skilgreiningin rennur manni jafnharðan úr greipum. Hún sækir innblástur í almenningsrými, skoðar tákni á bílastæðum, akreinum, flugvöllum og öðrum afmörkuðum svæðum. Úr heimi íþróttar sækir hún grunnriss leikvanga, innviði leikfimisala og sérhannaðan leikjábúnað. Engin leið er þó að átta sig á hvort maður stendur innan vallar eða utan, með eða á móti umferð. Hin unga listakona virðist vera að hasla sér völl með því að hagræða gamalgrónum leikreglum eftir eigin geðþótta. Er það ekki einmitt það sem listin gerir, endurskoðar viðteknar venjur, leitar nýrra leiða og kemur okkur sífellt á óvart?

Markús Þór Andrésson